

05.10.2018

Bæjarráð 09.10.2018

Sjá dagskrárlið nr. 5:

Bréf Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum, 25. mál., dags. 28.09.18

Tillaga Garðabæjarlistans:

Garðabæjarlistinn undrast afstöðu Sambands Íslenskra Sveitarfélaga gagnvart frumvarpi til breytinga á barnalögum, nr. 76/2003, sem fjallar um að mögulegt verði að börn eigi tvö lögheimili.

Garðabæjarlistinn leggur til að Garðabær skili inn álitum sem styður frumvarpið, enda er hér um mikilvægt réttlætismál, þar sem sveitarfélög þurfa að axla ábyrgð með því að breyta greiðslukerfum sínum, sem er smámál miðað við þau réttindi sem nú er verið að brjóta á börnum og foreldrum þeirra.